



### GREINARGERÐ

#### Inngangur.

Svæðið sem hér um ræðir er í norðurhluta bæjarins, ofan við íþróttasvæði, tjaldstæði og íbúðarsvæði við Auðbrekku. Á svæðinu eru bæði hesthús og fjárhús og eru þau reist til bráðabirgða með stöðuleyfi fram yfir aldamót.

Í jaðri svæðisins eru opin svæði sem hafa m.a. verið tekin til skógræktar. Lítið er eðfir af hentugum húsnæðum á svæðinu og hefur verið litið til svæðis norðan Tröllakots (við norðurmörk bæjarlands Húsavíkur) fyrir hesthús. Ekki er gert ráð fyrir aukningu í sauðfjárhaldi frá því sem nú er.

Þrátt fyrir það að hús standa á ótryggara svæði en gengur og gerist hefur verið talsverð áskórn í að nota svæðið fyrir gripahús og er það nú nánast fullbyggt. Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af húsdýrahaldi á þessum stað er lagt til að frambúðarleyfi verði veitt fyrir núverandi mannvirkjum og lóðamörk verði skilgreind með skýrari hætti en nú er.

Hús hafa látaust yfirbragð og afmarka vel jaðar byggðarinnar í fjallshlíðinni. Hús eru úr timbri og voru flest reist til bráðabirgða með það fyrir augum að hægt væri að flytja þau úr stað síðar. Þau eru einnig einföld í sniðum og tilförlulega auðvelt að lagfæra þau ef skemmdir verða á þeim í jarðhræringum.

#### Markmið.

Markmið skipulagsins er að koma meiri festu á svæðið þannig að umgangur og umhirða um það verði markvissari og skýrari linur verði dregnar varðandi réttindi og skyldur lóðarhafa. M.a. er nauðsyn að setja reglur um gerð taðþróa við hesthús en í þeim efnum hefur ekki verið krafist varanlegra lausna þar sem leyfi fyrir húsum hefur verið tímabundið.

Einnig verður auðveldara að vinna að skipulagi nálægra svæða en þau eru flest skilgreind sem útivistarsvæði með sérstakri notkun, svo sem til skógræktar, beitar, göngustiga og annarra þátta sem auka notkunargildi þeirra til útivistar.

#### Skipulagið

Aðkoma að svæðinu er nánast óbreytt frá því sem verið hefur. Hesthúsnæðið hefur aðkomu norðan frá (af þjóðvegi norðan tjaldstæðis) og fjárhúsalóðir hafa aðkomu um Auðbrekku.

Gerð hefur verið lóð fyrir dýraspítala neðan fjárhúslóða með aðkomu af akferum stíg sem liggur til suðurs frá efsta hluta Auðbrekku. Norðan við lóð dýraspítala er auð lóð sem verður geymd um sinn en verður úthlutað síðar, væntanlega fyrir fjárhús eða skylda starisemi.

Á húsdýrareitum eru einstakar lóðir afmarkaðar en einnig eru á reitunum svæði merkt "Almenningur" sem teljast sameiginleg öllum lóðum innan viðkomandi reits og lóðahafar bera sameiginlega ábyrgð á. Þau eru hugsuð sem svigrúm lóðahafa fyrir húsdýr sin milli eiginlegra lóða og svæðanna fyrir utan.

Um notkun þeirra og meðferð verða settar sérstakar reglur. Á svæðinu er sérstök lóð fyrir félagsstöðu þeirra sem hafa lóðaréttindi á húsdýrareitum. Sú lóð skal vera í umsjúslu félags þeirra sem komi fram sem einn aðili gagnvart bæjarfélaginu.

Deiliskipulag þetta var samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur þann 10/9 1996, að undangenginni kynningu sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar.

*Einar Magnússon*  
Bæjarstjórn Húsavíkur  
Bæjarstjóri

Skipulagsuppráttur þessi var samþykktur af Skipulagsstjóra ríkisins í samræmi við gr. 4.4.1. skipulagsreglugerðar nr. 318 frá 1985.

Reykjavík, þann 23.04.1997

*Hilmar Örn Benediktsson*

### SKÝRINGAR VIÐ SKIPULAG:

- Mörk skipulagssvæðis
- - - - - Lóðamörk
- - - - - Byggingarreitur á lóð
- 1579 Stærð lóðar í m<sup>2</sup>
- ∇∇∇ Ræktað land - gras
- ∇∇∇ Mólendi
- ☼ Skógrækt
- △ Bilastæði
- ☉ Göngustigur
- ☉ Reiðleið

